

## 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

### 1. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 56 31. maí 1927, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Það telst brot á lögum þessum, ef það er gert að skilyrði fyrir aðgöngu á skemmtun, að menn greiði félagsskírteini, félagstillög, merki eða annað þess háttar, enda greiðist þá skemmtanaskattur einnig af slíkum framlögum eða greiðslum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hefir komið fyrir, að reynt hefir verið að komast hjá því að greiða skatt af allri þeirri fjárhæð, sem í raun og veru hefir orðið að greiða til þess að fá aðgang að skattskyldri skemmtun, sérstaklega að dansleikum, með því móti, að menn, auk aðgöngumiðans, hafa verið látnir kaupa svokölluð félagsskírteini, merki eða því um líkt, eða greiða félagstillag.

Þótt þessi viðleitni, sem miðar að því að fara í kringum skemmtanaskattslögin, varði refsingu eftir lögunum, eins og þau nú eru, þykir þó rétt að kveða skýrt á um það í lögunum, að slík viðleitni varði við lög.